

Fundargerð

**Svæðisráð vestursvæðis - 76. fundur svæðisráðs vestursvæðis haldinn á
fjarfundi,
23. ágúst 2019, kl. 09:00.**

Fundinn sátu:

Heiða Guðný Ásgeirsdóttir formaður, Erlingur Freyr Jensson varaformaður, Heiða Guðmundsdóttir svæðisráðsfulltrúi, Ólafía Jakobsdóttir fulltrúi náttúruverndarsamtaka, Sveinn Hreiðar Jensson fulltrúi ferðaþjónustunnar, Karl Ingólfsson varamaður, Fanney Ásgeirsdóttir þjóðgarðsvörður, Magnús Guðmundsson framkvæmdastjóri, .

Fundargerð ritaði: Fanney Ásgeirsdóttir, þjóðgarðsvörður.

1. Vestursvæði - Vonarskarð, næstu skref, verkefni svæðisráðs - 1907014

Formaður leggur fram drög að bréfi sem honum var falið að semja í samstarfi við framkvæmdastjóra. Bréfið er ætlað: Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Skipulagsstofnun, Háskóla Íslands og Almannavörnum ríkisins. Óskað er eftir að stofnanir leggi mat á landslagsheildina Vonarskarð með tilliti til bæði nútíðar og framtíðar:

Við matið þarf að hafa í huga: gildi svæðisins milli jökla sem heildar, verðmæti kyrrðar og víðernis, þolmörk, aðgengi, öryggismál og annað sem máli skiptir í framtíðarskipulagi svæðisins. (úr fundargerð 75. Fundar svæðisráðs)

Formaður setur fund og kallar eftir athugasemdum við drögin að bréfinu. Nokkrar umræður um orðalag. Ein orðalagsbreyting gerð í málsgreininni "Það er niðurstaða hópsins að framsetning efnislegra raka og formlegt samráð hefði getað verið markvissara vegna lokunar Vonarskarðs fyrir vélknúinni umferð (og ákvarðana um aðrar ferðaleiðir þar - viðbót í sviga). Ákveðið að senda bréfið einnig til Landgræðslunnar og að bréfið til Háskóla Íslands verði sent til Verkfræði- og náttúruvísindasviðs.

Formaður leggur til að þjóðgarðsverði verði falið að senda bréfið með áorðnum breytingum til viðkomandi stofnana. Fulltrúi SAMÚT situr hjá, aðrir fundarmenn samþykkja tillöguna. Fulltrúi Samút lætur bóka andstöðu við að fundargerð frá fundi 74, hafi verið birt án þess að hafa verið borin upp til samþykktar. Formaður lætur bóka að fundargerð 74 hafi ekki verið borin upp til samþykktar þar sem engin mál hafi verið á dagskrá sem kröfðust umræðu, heldur eingöngu kynning þjóðgarðsvarðar, fyrir stjórn, á starfsemi vestursvæðis.

Fundargerð samþykkt og fundi slitið kl. 9:54.

Fundi slitið kl. 10:00.

